

## Er trú kaþólskra biblíuleg?

Trú kaþólskra á sér stoð jafnt í Biblíunni sem og í erfikenningum þeim, sem kaþólska frumkirkjan hlaut í arf á þeim tíma, þegar ekkert heildarrit, sem nefnist Biblía var til. Munnlegar heimildir voru hins vegar skráðar af svokölluðum kirkjufeðrum sem uppi voru frá 1. til 4. aldar. En slíkar heimildir, munnlegar sem skriflegar, nefnast erfikenningar (teknar að erfðum) og hefur kaþólska kirkjan ávallt hliðsjón af þeirri þekkingararfleifð í túlkun sinni á Heilagri Ritningu. Kaþólska kirkjan er sú stofnun, sem varðveitti og tók saman hinar helgu bækur sem Biblían samanstendur af, kirkjan varðveitti hana í gegnum aldirnar og fjölrítaði í liðlega 14 aldir fyrir tilstilli munka þar til prentverkið var fundið upp á 15. öld. Allar kristnar kirkjudeildir hverju nafni sem þær nefnast hafa því þegið Biblíuna úr hendi kaþólsku kirkjunnar. Biblían ein er þó aðeins hluti af þeirri kristnifræðslu sem til nútímans hefur borist, hinn hlutinn sem lýtur að túlkun bókarinnar, erfikenningin (tradition), er sá hluti sem lýtur að þeirri munnlegu túlkun, sem Páll postuli áminnr um að hafa í heiðri: „Bræður standið því stöðugir og haldið fast við þær kenningar, er vér höfum flutt yður munnlega eða með bréfi.” (2Þess 2:15; Sjá einnig 1Kor 11:2; 2Þess 3:6; 2Tim 1:13-14, 2:2).

Þegar meðlimir frumkirkjunnar frá fyrstu til fjórðu aldar áttu í erfiðleikum með skilgreiningu á boðskapi postulanna flettu þeir ekki einfaldlega upp í Biblíunni, því hún hafði enn ekki verið tekin saman í eina heild af kaþólsku kirkjunni, það gerðist ekki fyrr en á fjórðu öld, er þeir héldu kirkjuþing til varðveislu hinna ýmsu helgu rita, en kirkjuþing var á þeim tíma og er enn ákvörðunarvald kaþólsku kirkjunnar. (P 15:1-29). Á þeim tíma, sem og í dag, var kennsluvaldið í höndum postulanna eins og fyrr segir og síðan arftaka þeirra innan kaþólsku kirkjunnar og úrskurður kveðinn upp á grundvelli erfikenninga þeirra sem postularnir hlutu í arf frá Kristi og gengu í arf mann fram að manni innan ráðamanna kaþólsku kirkjunnar í gegnum aldirnar allt fram til dagsins í dag.

Í ljósi þess að Biblían var upphaflega útgefin af kaþólsku kirkjunni og varðveitt fyrir tilstilli kirkjunnar og munka hennar í gegnum hartnær 15 aldir uns prentverk var fundið upp, þá liggur það í hlutarins eðli að bókin Biblía er og hefur ávallt verið kaþólskri kirkju helg og í heiðri höfð sem guðleg opinberun og fræðslurit fyrir kristilegt líferni og siðgæði, en, nota bene, ávallt með hliðsjón af Guðs óskrifaða orði, erfikenningunni, sem Páll postuli biður okkur að varðveita og hafa ávallt í huga. (2Þess 2:15)

„Þú hefur glatt mig Drottinn, með dáð þinni,  
Yfir handaverkum þínum fagna ég.  
Hversu mikil eru verk þín Drottinn,  
Harla djúpar hugsanir þínar.

Fíflið eitt skilur eigi,  
Og fáráðlingurinn einn skynjar eigi þetta.  
Þegar óguðlegir greru sem gras  
Og allir illgjörðarmennirnir blómguðust,  
Þá varð það til þess að þeir skyldu afmáðir verða að eilífu,  
En þú sem ert á hæðum, ert til að eilífu, Drottinn.  
(Sl 92:5-9)

-----

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn